



Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur · Kt. 640269-6779 · Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður · sími: 450-2500 · talknafjordur@talknafjordur.is

Matvælaráðuneytið  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Tálknafjörður, 20. desember 2023

Efni: **Tálknafjörður – Úthlutun byggðakvóta 2023-2024.**

Á 625. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhepps sem fór fram 19.12.2023 var tekið fyrir erindi frá Matvælaráðuneytinu dags. 01.12.2023 þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiarinu. Sveitarstjórn færði eftirfarandi til bókar vegna málsins:

*Samþykkt samhljóða að sótt verði um að óbreyttar sérreglur verði fyrir Tálknafjörð vegna byggðakvóta fiskveiðiaríð 2023/2024 frá fyrra fiskveiðiarí með þeirri viðbót að breyting verði á 3. mgr. 6 gr. reglugerðar á þann veg að þá daga sem fiskvinnsla sér sér ekki fært að taka á móti afla í vinnslu verði heimilt að bjóða afla upp á fiskmarkaði.*

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

  


Ólafur Þór Ólafsson  
sveitarstjóri Tálknafjarðarhepps

**Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2023/2024**

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

Sveitarfélag:	Tálknafjarðarhreppur.
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:	Tálknafjörður.
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Samþykkt á 625. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 19.12.2023
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Ákvæði 1. másl. 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, á þann veg að: 50% skal skipt jafnt á þá báta sem landað hafa sínum afla fiskveiðiárið 2022/2023 í Tálknafirði og uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar. 50% skal skipt hlutfallslega, miðað við allan landaðan botnfiskafla í Tálknafirði í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Tillagan byggir á því mati að mikilvægt sé fyrir atvinnulíf á Tálknafirði að sem flestir útgerðaraðilar fái tækifæri til að fá úthlutaðan byggðakvóta og því er lagt til að veiðireynsla frá fyrra ári gildi 50% í úthlutun en 50% skiptist jafnt á þá aðila sem lönduðu í Tálknafjarðarhöfn á síðasta fiskveiðiári.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa í Tálknafirði þeim afla sem telja á til byggðakvóta Tálknafjarðar og til vinnslu á tímabilinu frá 1. september 2023 til 31. ágúst 2024. Breyting verði á 3. mgr. 6 gr. reglugerðarinnar á þann veg að þá daga sem fiskvinnsla sér sér ekki fært að taka á móti afla í vinnslu verði heimilt að bjóða afla upp á fiskmarkaði.
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Byggir á þeirri ákvörðun sveitarstjórnar að sækja um óbreyttar sérreglur frá fyrra fiskveiðiári auk breytinga á 3. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar.

Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið [mar@mar.is](mailto:mar@mar.is).

